

Þagnorð

- undirbúningur fyrir könnun miðvikudaginn 4. mars -

Fylltu út í töfluna

nafnháttur	nútið	þátið
að lesa	les	las
að sjá	hann sér	sá
að koma	kemur	hann kom
að syngja	syngur	söng
að ganga	hann gengur	gekk
að falla	fellur	hann féll
að þvo	þvær	þvoði
að vera	hann er	var
að kaupa	kaupir	hann keypti
að þrifa	þrifur	þreif
að búa	hann býr	bjó
að hlusta	hlustar	hann hlustaði
að skrifa	skrifar	skrifaði
að finna	hann finnur	fann
að eiga	á	hann átti
að liggja	liggur	lá
að hrjóta	hann hrýtur	hraut
að selja	selur	hann seldi

Stofn sagna

Stofn sagnorða finnst í nafnhætti.

Ef nafnhátturinn endar á sérhljóða tókum við hann af.

Dæmi: að skaut(a), að sof(a), að lít(a), að horf(a).

Finndu stofn eftirfarandi sagnorða:

fann	fann(a)
hleyp	hlaup(a)
er	ver(a)
kveiki	kveikja(a)

hoppaði	hopp(a)
taka	tak(a)
fer	far(a)
fór	far(a)

gelti	gelt(a)
gáfum	gef(a)
komum	kom(a)
værum	ver(a)

Beyging sagna

veik beyging

þegar sagnir mynda þátíð í eintölu með endingunum -aði, -ði, -di eða -ti
dæmi: skautaði, horfði, ræddi, hitti

sterk beyging

þegar sagnir mynda þátíð í eintölu án þess að bæta endingu við stofninn
dæmi: svaf, leit, beit, fór, gat, las

Segðu hvort sagnorðin beygjast veikt (v.b.) eða sterkt (s.b.).

segja - sagði	v.b.
teygja - teygði	v.b.
er - var	s.b.
ganga - gekk	s.b.

lýsa - lýsti	v.b.
sofa - svaf	s.b.
stendur - stóð	s.b.
skauta - skautaði	v.b.

koma - kom	s.b.
telja - taldi	v.b.
leggja - lagði	v.b.
hlaupa - hljóp	s.b.

Finndu sagnirnar í textanum hér að neðan. → sjá aftast í slygal!

Skrifaðu textann upp á línustrikað blað og hafðu allar sagnirnar í þátíð.

Benjamín stendur aleinn einhvers staðar úti á víðavangi og horfir í kringum sig. Hann hefur verið hérna áður en hann man ekki hvenær. Það er sólskin og himinninn er blár og langt í burtu eru há fjöll og þar fyrir ofan litlir skýhnoðrar. Í fjarska sér hann eitthvað hvítt sem nálgast. Það er hvítur hestur á harða stökki. Hann er óskaplega stór og tígulegur og hófarnir falla hljóðlaust til jarðar. Þegar hesturinn nálgast sér hann að þetta er einhyrningur og á baki hans situr Baldi.

Málfar

Oft lendum við í vandræðum með þessar sagnir. Því þurfum við að læra hvernig við notum þær.

að hlakka: tekur með sér nefnifall

Dæmi: Ég hlakka til, hann hlakkar til og við hlökkum líka til.

Athugið: *gott er að muna að hlakka virkar alveg eins og að lakka sem er mun auðveldari.*

að kvíða: tekur með sér nefnifall

Dæmi: Ég kvíði fyrir, hún kvíðir fyrir og þið kvíðið líka fyrir.

að langa: tekur með sér þolfall

Dæmi: Mig langar, hann langar og okkur langar.

að vilja: er skrifuð með einu í 1. og 2. persónu

Dæmi: Ég vil, þú vilt en hann vill og hún vill.

Skrifaðu málsgreinarnar upp og settu orðin í kassanum í stað broskallsins.

Gættu þess að málsgreinin verði málfræðilega rétt - þú gætir þurft að breyta einhverju.

☺ hlakka til páskafrísins.

Sólveig	ég	krakkarnir	hann
hún	við	allir	þið

Sólveig hlakkar til páskafrísins.

Ég hlakka til páskafrísins.

Krakkarnir hlakka til páskafrísins.

Hann hlakkar til páskafrísins.

Hún hlakkar til páskafrísins.

Við hlökkum til páskafrísins.

Allir hlakka til páskafrísins.

Þið hlakkið til páskafrísins.

☺ langar til Akureyrar.

Páll	ég	krakkarnir	hún	hann
------	----	------------	-----	------

Páll langar til Akureyrar.

Mig langar til Akureyrar.

Krakkana langar til Akureyrar.

Hana langar til Akureyrar.

Hann langar til Akureyrar.

☺ kvíðir fyrir ferðalaginu.

Páll	ég	krakkarnir	hún	hann
------	----	------------	-----	------

Páll kvíðir fyrir ferðalaginu.
Ég kvíði fyrir ferðalaginu.
Krakkarnir kvíða fyrir ferðalaginu.
Hún kvíðir fyrir ferðalaginu.
Hann kvíðir fyrir ferðalaginu.

☺ vill ekki fara að sofa.

Sólveig	ég	krakkarnir	hún	hann
---------	----	------------	-----	------

Sólveig vill ekki fara að sofa.
Ég vil ekki fara að sofa.
Krakkarnir vilja ekki fara að sofa.
Hún vill ekki fara að sofa.
Hann vill ekki fara að sofa.

Skrifaðu 10 málsgreinar þar sem þessi sagnorð koma fyrir í einhverri mynd (1 í hverri).

að hlakka - að kvíða - að langa - að vilja
nf. nf. pf. ég vil - hann vill

Passa að taka rétt fall! ☺

Finndu sagnirnar í textanum hér að neðan.

Skrifaðu textann upp á línustrikað blað og hafðu allar sagnirnar í þátíð.

Benjamín stóð aleinn einhvers staðar úti á víðavangi og horfði í kringum sig. Hann hafði verið hérna áður en hann mundi ekki hvenær. Það var sólskin og himinninn var blár og langt í burtu voru há fjöll og þar fyrir ofan litlir skýhnoðrar. Í fjarska sá hann eitthvað hvítt sem nálgaðist. Það var hvítur hestur á harða stökki. Hann var óskaplega stór og tígulegur og hófarnir féllu hljóðlaust til jarðar. Þegar hesturinn nálgaðist sá hann að þetta var einhyrningur og á baki hans sat Baldi.